

*Alda Credit Fund slhf.
Árshlutareikningur 30. júní 2023*

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Alda Credit Fund slhf. er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvikú eignastýringar hf. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna og önnur skyld starfsemi.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní að fjárhæð 55,8 m.kr. Eigið fé félagsins nam 2.202,0 m.kr. þann 30. júní 2023.

Félagið ACF GP ehf. ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Hlutafé félagsins nam 1.515,0 m.kr. þann 30. júní 2023. Hluthafar voru 22 í upphafi árs og eins í lok tímabilsins. Engin breyting hefur verið á eigendahópi á tímabilinu og eru tíu stærstu hluthafar félagsins eru sem hér segir:

Hluthafi	Eignarhlutur
Gildi lífeyrissjóður	17,4%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	10,6%
Birta lífeyrissjóður	10,0%
Stapi lífeyrissjóður	9,9%
Festa lífeyrissjóður	6,6%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	6,6%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	6,6%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	6,6%
Lífverk lífeyrissjóður	5,9%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	4,0%
Aðrir hluthafar, 12 talsins	15,9%
Samtals	100,0%

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Kvikú eignastýringar hf.

Horfur í starfsumhverfinu

Á síðustu árum hafa skapast mjög óvenjulegar aðstæður í efnahagslífinu sem hafa haft áhrif á eignamarkaði um allan heim. Þessir atburðir hafa leitt til þess að verðbólga hefur aukist og vaxtastig hækkað mjög hratt. Frá áramótum hafa stýrivextir Seðlabanka Íslands hækkað um 2,75% vegna þrálátari verðbólgu en spáð hafði verið fyrir um.

Ávallt er gætt að því að hafa hagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum félagsins en mikilvægt er að fylgjast vel með í núverandi efnahagsaðstæðum.

Þessar aðstæður í efnahagslífinu hafa þó haft óveruleg áhrif á rekstrargrundvöll eða áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Vanskil eru óveruleg en ef vaxtastig helst svona hátt til lengri tíma þá munu vanskil í kerfinu aukast verulega. Hægst hefur á uppgreiðslum á veðskuldabréfum félagsins vegna stöðu á vaxtamarkaði.

Félagið hefur sterkar tryggingar á bak við allar sínar fjárfestingar sem styrkir stöðuna af áhrifum sem hér að ofan eru nefnd. Hver sem þróunin verður mun félagið leitast við að hámarka virði fjárfestinga sinna ásamt því að horfa til samfélagslegra þátta við úrlausn mála gagnvart mótaðilum sínum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árs hlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla um árs hlutareikninga (ISA 34), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árs hlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2023 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé og á eigin fé á tímabilinu. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2023.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Þórður Jónsson, stjórnarformaður

Jónas Reynir Gunnarsson

Guðrún Björg Birgisdóttir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Árs hlutareikningur Öldu Credit Fund slhf. 30. júní 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Öldu Credit Fund slhf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Öldu Credit Fund Slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árslutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga (IAS 34) eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga (IAS 34) eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árslutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 24. ágúst 2023.

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
Endurskoðandi

Árslutareikningur Öldu Credit Fund slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýringar	6m 2023	6m 2022
Vaxtatekjur og verðbætur	3g.	551.271	517.279
Vaxtagjöld og verðbætur	3g.	(485.917)	(445.906)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		17.141	2.188
Hreinar fjármunatekjur		82.496	73.561
Umsýsluþóknun	3h.	(21.734)	(20.913)
Rekstrarkostnaður		(4.930)	(4.320)
Rekstrargjöld alls		(26.665)	(25.233)
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		55.831	48.327
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	10	0,04	0,03

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

Eignir	Skýringar	30.6.2023	31.12.2022
Langtímakröfur	11	8.054.006	7.984.938
Verðbréf með breytilegum tekjum	12,16	608.844	491.702
Fastafjámunir samtals		8.662.850	8.476.640
Næsta árs afborgun langtímakrafna	11	582.925	391.264
Handbært fé	16	80.206	118.356
Veltufjármunir samtals		663.131	509.620
Eignir samtals		9.325.981	8.986.260
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		1.515.000	1.515.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		22.440	22.440
Lögbundinn varasjóður		67.511	61.928
Óráðstafað eigið fé		596.999	546.750
Eigið fé samtals	13	2.201.950	2.146.119
Skuldabréfaútgáfa	14	6.836.876	6.585.606
Langtímalán samtals		6.836.876	6.585.606
Næsta árs afborgun af langtímalánum	14	201.955	190.430
Áfallnir vextir		62.802	63.686
Aðrar skammtímaskuldir		22.398	420
Skammtímaskuldir samtals		287.155	254.536
Skuldir samtals		7.124.031	6.840.141
Eigið fé og skuldir samtals		9.325.981	8.986.260

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2023

1. janúar 2023 til 30. júní 2023	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		1.515.000	22.440	61.928	546.750	2.146.119
Hagnaður og heildarafkoma ársins					55.831	55.831
Framlag í lögbundinn varasjóð				5.583	(5.583)	0
Eigið fé 30. júní 2023	13	1.515.000	22.440	67.511	596.999	2.201.950

1. janúar 2022 til 30. júní 2022	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022		1.515.000	22.440	52.259	459.731	2.049.430
Hagnaður og heildarafkoma ársins					48.327	48.327
Framlag í lögbundinn varasjóð				4.833	(4.833)	0
Eigið fé 30. júní 2022	13	1.515.000	22.440	57.092	503.225	2.097.757

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit 30. júní 2023

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	6m 2023	6m 2022
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		55.831	48.327
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar fjármunatekjur		(82.496)	(73.561)
		(26.665)	(25.233)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir, hækkun		21.978	5
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		21.978	5
Fengnir vextir og verðbætur		195.587	445.578
Greiddir vextir og verðbætur		(152.056)	(134.183)
Handbært fé frá rekstri		38.844	286.168
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf, (kaup)/sala		(100.000)	(500.000)
Langtímakröfur, lánveitingar		(154.399)	(1.570.664)
Afborganir langtímakrafna		249.355	1.799.988
Fjárfestingahreyfingar		(5.044)	(270.676)
Fjármögnunahreyfingar			
Afborgun skuldabréfalans		(71.950)	(69.325)
Fjármögnunahreyfingar		(71.950)	(69.325)
Handbært fé í ársbyrjun		118.356	138.746
Breyting handbærs fjár		(38.150)	(53.834)
Handbært fé í lok tímabilsins		80.206	84.912

Skýringar á bls. 7 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Alda Credit Fund slhf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvik eignastýringar hf. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi.

2. Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og ber endanlegur eigandi ábyrgð á skattgreiðslum félagsins.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur, eftir því sem við á, í lögum um ársreikninga og lögum um rekstrarfélög sérhæfðra sjóða.

Breyting hefur verið gerð á framsetningu efnahagsreiknings þar sem að áfallnir vextir langtímakrafna sem áður voru flokkaðir meðal annarra skammtímakrafna eru nú undir næsta árs afborgun langtímakrafna. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 24. ágúst 2023.

b. Grundvöllur matsaðferða

Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf með breytilegum tekjum eru metin á gangvirði.

c. Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur félagsins hafa metið hvort félagið hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er árshlutareikningurinn gerður miðað við þá forsendu að félagið sé rekstrarhæft.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

f. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

g. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfalána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

h. Umsýsluþóknun

Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrir) greiðir félagið fasta árlega umsýsluþóknun til Kvik eignastýringar hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingarloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör. Frá ársbyrjun 2017 hefur þóknunin reiknast af heildareignum.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum að teknu tilliti til niðurfærslu.

j. Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaðnum í lok tímabilsins.

k. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

l. Langtímaskuldir

Skuldabréfalán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

Skýringar, frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir

a. Skráning

Upphafleg skráning hjá félaginu á útlánum og kröfum, innlánunum og útgefnum skuldagerningum er á þeim degi þegar til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

b. Flokkun

Fjáreignir

Fjáreignir félagsins eru flokkaðar í annan af tveim flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum sjóðstreymis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Öll skuldabréf og lán félagsins eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánunum eru færðir sem vaxtatekjur.

Afskriftarreikningur fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru metinn með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna afskriftarreiknings.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL) eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samanstanda af verðbréfum með breytilegum tekjum.

Mat á viðskiptalíkani

Félagið metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttað. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímallengd fjáreignanna og tímallengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvort eignum sé stjórnað með það að markmiði að hagnast á verðbreytingum eða innheimta samningsbundið sjóðstreymi;
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum söllum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði félagsins varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig sjóðstreymi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og til sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Lánunum félagsins er haldið innan viðskiptalíkans sem felur í sér innheimtu á samningsbundnu sjóðstreymi af höfuðstól og vöxtum. Fjáreignir félagsins eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstendur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreignar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmálar fela í sér sjóðstreymi sem felur í sér annað greiðsluflæði en innheimtu samningsbundinna vaxta og endurgreiðslu höfuðstóls á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin flokkuð og metin á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Skýringar, frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir frh.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema ef félagið breytir viðskiptalíkani sínu.

Fjárskuldir

Félagið flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar félagið flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða félagið heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur félagsins eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

5. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

6. Virðisýrnun

Vænt útlánatap

Félagið notar þriggja þrepa líkan við mat á væntum útlánatöpum. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáhættu jafngildir afskrifin væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáhættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskrifin jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Við mat á afskriftarreikningi vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þá gerir IFRS 9 ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almenntri (þriggja þrepa) aðferð.

Skýringar, frh.

6. Virðisrýrnun, frh.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatáp á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhattu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhattu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhattu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatáp.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim sem hafa gert það. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færist úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatáp út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánaáhattu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að flokka eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáhattan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhatta hafi aukist marktækt.

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir raunverulega ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum.

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af félaginu ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldþrotabeiðni, eru í greiðslustöðvun, í nauðasamningsumleitunum, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar félagsins. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring félagsins getur endurskilgreint flokkun ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskila er þekkt af félaginu og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

7. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar (taps) og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (tap) á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

8. Starfsþáttayfirlit

Félagið lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og birtir því ekki starfsþáttayfirlit. Eini starfsþáttur fyrirtækisins er aðkoma félagsins að fjármögnun fyrirtækja sem eru vítt og breitt um landið.

9. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir 30. júní 2023 eða fyrr og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir lok júní 2023, en heimilt er að taka upp fyrr. Það er mat félagsins að áhrif nýrra staðla sem og staðla sem hafa verið samþykktir en ekki tekið gildi muni ekki hafa áhrif á framsetningu árshlutareikningsins.

Skýringar frh.

Rekstrarreikningur

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut reiknast sem hér segir:	6m 2023	6m 2022
Hagnaður tímabilsins	55.831	48.327
Hlutfé í ársbyrjun	1.515.000	1.515.000
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu	1.515.000	1.515.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	0,04	0,03

Efnahagsreikningur

11. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign, lánasamningum og afborgunum næstu ára og sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	30.6.2023	31.12.2022
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 2,7% - 4,75%	6.949.209	6.615.908
Langtímakröfur, óverðtryggðar, vextir 6,3% - 12,6%	1.687.722	1.760.294
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	8.636.931	8.376.202
Næsta árs afborgun	(582.925)	(391.264)
Langtímakröfur samtals	8.054.006	7.984.938
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun ársins 2024 / 2023	582.925	391.264
Afborgun ársins 2025 / 2024	255.799	239.804
Afborgun ársins 2026 / 2025	245.501	242.915
Afborgun ársins 2027 / 2026	370.407	233.661
Afborgun ársins 2028 / 2027	244.904	369.945
Afborganir síðar	6.937.395	6.898.612
Langtímakröfur samtals	8.636.931	8.376.202

Um 92% langtímakrafna félagsins bera fasta vexti og 8% langtímakrafna eru með breytilega vexti. Í flestum tilvikum er um uppgreiðslugjald að ræða ef greitt er umfram samningsbundnar afborganir.

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt Öldu Credit Fund slhf. veð í eignum, þar með talið fasteignum, áhöldum og tækjum og vörumerkjum.

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:	30.6.2023	31.12.2022
Kvika - Lausafjársjóður	608.844	491.702
Samtals	608.844	491.702

Skýringar frh.

13. Eigið fé

	30.6.2023	31.12.2022
a. Hlutfé		
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	1.515.000	1.515.000
Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.		
b. Yfirverðsreikningur eigin fjár		
Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.		
c. Lögbundinn varasjóður		
Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.		
d. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.		
e. Eiginfjárhlutfall	30.6.2023	31.12.2022
Eigið fé	2.201.950	2.146.119
Eiginfjárhlutfall	23,6%	23,9%

14. Skuldabréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið ACF 15 01 og er verðtryggt jafngreiðslubréf með 3,75% föstum ársvöxtum.

	30.6.2023	31.12.2022
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:		
Staða 1.1.	6.776.036	6.359.795
Greiddar afborganir	(95.302)	(174.416)
Verðbætur	358.098	590.657
Staða	7.038.832	6.776.036
Skuldabréfaútgáfan og næsta árs afborganir greinist þannig:		
Skuldabréf, verðtryggt ISK, fastir 3,75% vextir	7.038.832	6.776.036
Næsta árs afborgun	(201.955)	(190.430)
Skuldabréfaútgáfan samtals	6.836.876	6.585.606
Afborgun ársins 2024 / 2023	201.955	190.430
Afborgun ársins 2025 / 2024	212.713	197.638
Afborgun ársins 2026 / 2025	220.765	205.119
Afborgun ársins 2027 / 2026	224.904	212.883
Afborgun ársins 2028 / 2027	235.829	220.941
Afborganir síðar	5.942.664	5.749.024
Samtals	7.038.832	6.776.036

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Félaginu er heimilt að greiða hraðar upp skuldabréfalán félagsins frá árinu 2020 gegn 1,5% uppgreiðslugjaldi.

15. Skuldbindingar

Við undirritun árshlutareiknings hefur félagið samþykkt ný lán að fjárhæð 60 millj.kr. á árinu 2023.

Skýringar frh.

Annað

16. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Öldu Credit fund slhf. og rekstrarfélags þess og félaga tengdum því uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í lok júní 2023 og í árslok 2022.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á fyrri árshefningi til loka júní 2023 og í árslok 2022.

Félagið stundar almenn bankaviðskipti hjá Kvikubanka hf. sem er móðurfélag Kvikubanka eignastýringar hf. Viðskiptakjör eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða. Ekki er um að ræða önnur viðskipti við tengda aðila.

	Tekjur 6m 2023	Gjöld 6m 2022	Eignir 30.6.2023	Skuldir 30.6.2023
Kvikubanki hf.	4.214	0	80.206	0
Kvikubanka eignastýring hf.	0	(23.975)	608.844	(22.182)
Samtals	4.214	(23.975)	689.050	(22.182)

	Tekjur 6m 2023	Gjöld 6m 2022	Eignir 31.12.2022	Skuldir 31.12.2022
Kvikubanki hf.	221	0	118.356	0
Kvikubanka eignastýring hf.	0	(22.652)	491.702	(196)
Samtals	221	(22.652)	610.058	(196)

17. Heildargreiðslur og hlunnindi

Félagið greiðir engin laun þar sem daglegur rekstur er í höndum Kvikubanka eignastýringar hf. Sjá skýringu 16 í A-hluta árs hlutareiknings Kvikubanka eignastýringar hf.

Skýringar frh.

Áhættustýring

18. Áhættustýring

- a. Markmið
Markmið með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættur, setja viðmið um áhættur og hafa eftirlit með þeim.
- b. Uppbygging
Stjórn Öldu Credit Fund slhf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.
- c. Tegundir áhættu
Starfsemi félagsins felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:
- Útlánaáhætta
 - Lausafjáraáhætta
 - Markaðsáhætta

19. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta skuldbindingum þeirra.

Útlánaáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 10,3% af langtímakröfum í lok tímabilsins er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum. Í lok tímabilsins er um að ræða veð í fasteignum, fastafjármunum og lausafjármunum. Félagið hefur samkvæmt fjárfestingarstefnu heimild til að lána án veða að takmörkuðu leyti.

20. Veðhlutfall

- a. Almenn
Veðhlutfall (LTV) lýsir hámarks áhættuskuldbindingu útlánaáhættu sem hlutfall af heildarverðmati trygginga, ef þær eru til staðar. Almenn láns hæfi viðskiptavinar er álitinn áreiðanlegasti mælikvarði á gæði útlánsins. Verðmat á mótteknum veðum vegna lánveitinga er þar af leiðandi ekki uppfært nema ef að láns hæfismat lántakandans versnar.
- b. Sundurliðun
Sundurliðun á lánnum eftir veðhlutfalli er sem hér segir:
- | | 30.6.2023 | % |
|----------------|------------------|-------------|
| 20-50% | 1.358.145 | 15,7% |
| 50-75% | 7.295.686 | 84,3% |
| Samtals | 8.653.831 | 100% |

21. Hámarks útlánaáhætta

Hámarksáhætta vegna útlánataps vegna fjármálagerninga sem lúta virðisrýrnunarkröfum IFRS 9, bæði innan og utan efnahagsreiknings, áður en tekið er tillit til trygginga eða annarra liða sem milda útlánaáhættuna, skiptist sem hér segir:

	30.6.2023	31.12.2022
Langtímakröfur	8.054.006	8.010.336
Næsta árs afborgun langtímakrafna	582.925	391.264
Handbært fé	80.206	118.356
Samtals	8.717.137	8.519.956

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í lok júní 2023 þar sem ekki er metin tapsáhætta vegna þeirra. Hvert og eitt lán er metið á reikningsskiladegi með tilliti til niðurfærslu, að mati stjórnenda hafa ekki komið fram vísbendingar um virðisrýrnun á reikningsskiladegi.

22. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirjábanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í lok júní 2023 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

Skýringar frh.

23. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér að neðan sýna fjáreignir sem lúta niðurfærslukröfum IFRS 9. Fyrir lán með lánsþæfiseinkunn á 1. stigi eru litlar líkur á vanskilum og vænt útlánstap vegna þeirra metið óverulegt og þar að leiðandi er engin niðurfærsla tekin á fjáreignum.

a. Útlánagæði fjáreigna skipt eftir stigum sundurliðast sem hér segir:

				Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
30.06.2023					
<i>Útlán:</i>		þrep 1	þrep 2	þrep 3	
Lánsþæfiseinkunn, 1.stig	8.636.931	0	0	0	8.636.931
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	8.636.931	0	0	0	8.636.931

				Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
31.12.2022					
<i>Útlán:</i>		þrep 1	þrep 2	þrep 3	
Lánsþæfiseinkunn, 1.stig	8.376.202	0	0	0	8.376.202
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	8.376.202	0	0	0	8.376.202

24. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
30.06.2023						
Fjáreignir						
Handbært fé	80.206				80.206	80.206
Verðbréf með breytilegum tekjum	608.844				608.844	608.844
Skuldabréfa- og lánasamningaeygn	842.219	574.648	1.736.336	8.446.343	11.599.547	8.636.931
Samtals	1.531.270	574.648	1.736.336	8.446.343	12.288.597	9.325.981
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	405.634	468.436	1.405.307	7.234.829	9.514.205	7.038.832
Áfallnir vextir	62.802				62.802	62.802
Aðrar skammtímaskuldir	22.398				22.398	22.398
Samtals	490.833	468.436	1.405.307	7.234.829	9.599.405	7.124.031
Hreint sjóðstreymi	1.040.436	106.212	331.029	1.211.515	2.689.193	2.201.950
31.12.2022						
Fjáreignir						
Handbært fé	118.356				118.356	118.356
Verðbréf með breytilegum tekjum	491.702				491.702	491.702
Skuldabréfa- og lánasamningaeygn	701.894	553.673	1.719.087	8.458.980	11.433.633	8.376.202
Samtals	1.311.952	553.673	1.719.087	8.458.980	12.043.691	8.986.260
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	379.712	443.398	1.330.194	6.981.759	9.135.062	6.776.036
Áfallnir vextir	63.686				63.686	63.686
Aðrar skammtímaskuldir	420				420	420
Samtals	443.817	443.398	1.330.194	6.981.759	9.199.168	6.840.141
Hreint sjóðstreymi	868.134	110.275	388.893	1.477.221	2.844.523	2.146.119

Skýringar frh.

25. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar verða á vöxtum sem hafa áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálageninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af vaxtaáhættu. Félagið mætir markaðsáhættu með því að tryggja jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda. Megnið af lánnum er á föstum vöxtum og því takmarkar það markaðsáhættu vegna vaxta þangað til kemur að endurfjármögnun.

Skuldabréfalán félagsins er verðtryggt með föstum vöxtum.

26. Flokkun fjármálageninga

Flokkun fjármálageninga er sem hér segir:

30.06.2023	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjáreignir			
Langtímakröfur	8.054.006		8.054.006
Næsta árs afborgun langtímakrafna	582.925		582.925
Verðbréf með breytilegum tekjum		608.844	608.844
Handbært fé	80.206		80.206
Samtals	8.717.137	608.844	9.325.981

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	6.836.876		6.836.876
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	201.955		201.955
Áfallnir vextir	62.802		62.802
Aðrar skammtímaskuldir	22.398		22.398
Samtals	7.124.031		7.124.031

31.12.2022	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjáreignir			
Langtímakröfur	7.984.938		7.984.938
Næsta árs afborgun langtímakrafna	391.264		391.264
Verðbréf með breytilegum tekjum		491.702	491.702
Handbært fé	118.356		118.356
Samtals	8.494.558	491.702	8.986.260

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Bókfært virði
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	6.585.606		6.585.606
Næsta árs afborgun skuldabréfalána	190.430		190.430
Áfallnir vextir	63.686		63.686
Aðrar skammtímaskuldir	420		420
Samtals	6.840.141		6.840.141



Undirritunarsíða

Jónas Reynir Gunnarsson

Guðrún Björg Birgisdóttir

Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Þórður Jónsson

Pálína Árnadóttir